

Mánudaginn 28. febrúar 1966.

Nr. 41/1965. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Ármann Jónsson hdl.)

gegn

Garðari Jóhannessyni og gagnsök
(Stefán Sigurðsson hdl.).

Dó m e n d u r :

hæstaréttardómaramér Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Bótakrafa vegna gæzluvarðhalds.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. febrúar 1965. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 9. marz 1965. Fékk hann gjafvarnarleyfi hér fyrir dómi 17. s. m. Gerir hann þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 313.221.21 ásamt 7% ársvöxtum frá 16. apríl 1962 til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Atvikum máls þessa er rækilega lýst í hinum áfrýjaða úrskurði. Eins og sakargögnum er háttað, þykir samkvæmt niðurlagsákvæði 2. tl. 1. mgr. 150 gr. laga nr. 82/1961 bresta skilyrði til þess að dæma gagnáfrýjanda bætur fyrir gæzluvarðhaldsvist hans. Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 18.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Garðars Jóhannessonar, í máli þessu.

Málkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun talsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, Stefáns Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, kr. 18.000.00, greiddast úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Akraness 23. desember 1964.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 18. desember 1964, er þannig til komið, að með bréfi, dags. 4. maí 1964, til bæjarfógetans á Akranesi gerði Stefán Sigurðsson héraðsdómslögmaður f. h. Garðars Jóhannessonar húsasmíðameistara, Heiðarbraut 59, Akranesi, þá kröfu, að honum yrði samkvæmt 1. tölulið 154. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 82 frá 21. ágúst 1961 úrskurðaðar bætur úr ríkissjóði vegna gæzluvarðhalds, er Garðar sætti samkvæmt úrskurði í sakadómi Akraness, uppkveðnum 16. marz 1962, í rannsóknarmálum vegna innbrota hjá Haraldi Böðvarssyni & Co., Verzlun Axels Sveinbjörnssonar h/f, Sigurði Hallbjarnarsyni h/f o. fl. á Akranesi, en Garðar var leystur úr gæzluvarðhaldi með úrskurði sakadóms, dags. 16. apríl 1962.

Kröfur bótakrefjanda eru þessar:

- | | |
|---|---------------|
| 1. Vinnutap samkvæmt gjaldskrá Iðnaðar- | |
| mannafélags Akraness | kr. 12.472.84 |
| 6% orlof | — 748.37 |
| 2. Þjáningar og miskabætur | — 300.000.00 |

samtals kr. 313.321.21

ásamt 7% ársvöxtum frá 16. apríl 1962 til greiðsludags.

Einnig er krafizt málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málavextir eru þessir:

Fimmtudaginn 8. marz 1962 hófst í sakadómi Akraness rannsókn vegna ýmissa óupplýstra innbrota á Akranesi, sem áttu sér stað á tímabilinu frá því í janúar 1961 og þar til í febrúar 1962.

Í janúar 1961 hafði tvívegis verið brotízt inn í skrifstofur Sigurðar Hallbjarnarsonar h/f. Í febrúar sama ár var tvisvar brotízt inn í skrifstofur Fiskivers h/f. Á jólanóttina 1961 var brotízt inn í verzlun Axels Sveinbjörnssonar h/f, og aðfaranótt 3. febrúar 1962 var brotízt inn í skrifstofur Haralds Böðvarssonar & Co., Akranesi.

Við innbrot þessi var stolið peningum að fjárhæð um kr. 25.000.00 og ýmsum munum, svo sem sjónaukum, rifli og skotfærum, vindlingum o. fl.

Fyrirnefndan dag var Guðmundur Sigursteinsson, fæddur 16/6 1943, til heimilis Galtarvík, Skilmannahreppi, úrskurðaður í gæzluvarðhald í allt að 10 daga vegna gruns um að hafa staðið að innbrotum þessum og rannsóknar málsins.

Næsta dag, 9. marz, viðurkennir Guðmundur að hafa framið öll framangreind innbrot og hafi hann verið einn nema við innbrotið hjá Sigurði Hallbjarnarsyni, í fyrra skiptið Þorsteinn Sigtryggsson sjómaður, Vallholti 21, Akranesi, og í síðara skiptið systkini hans, Jón og Sigríður.

Guðmundur sagðist hafa kastað nokkru af þýfinu í sjóinn, en annað hafi hann falið við vitann á Breið á Akranesi. Síðar sama dag sagðist hann hafa selt þýfið í Reykjavík.

Daginn eftir, 10. marz, breytti Guðmundur framburði sínum og sagðist aðeins hafa brotízt inn hjá Fiskiver h/f og tvisvar í Fólksbílastöðina og tók nú aftur fyrri frásögn sína um, að systkini hans og Þorsteinn hafi verið í vitorði með honum.

Sama dag var gæzluvarðhaldstími Guðmundar framlengdur um 20 daga og hann úrskurðaður í geðheilbrigðisrannsókn. Guðmundur Sigursteinsson breytti enn framburði sínum í sakadómnum daginn eftir og sagði þá, að Jóhann Óskar Finnsson, bróðir sinn, hefði verið þátttakandi í innbrotunum hjá Haraldi Böðvarssyni & Co. og Axel Sveinbjörnssyni h/f.

Mánudaginn 12. febrúar játaði Jóhann Óskar Finnsson, Krókátúni 1, Akranesi, fæddur 13/6 1944, bróðir Guðmundar, að hafa verið með honum í innbrotum hjá Haraldi Böðvarssyni & Co. og Axel Sveinbjörnssyni h/f. Hann hafði þá verið úrskurðaður í gæzluvarðhald, en látinn laus, er hann gerði játningu sína.

Þriðjudaginn 13. marz var enn haldið áfram í sakadómnum yfirheyrslum yfir Guðmundi og Jóhanni Óskari, og aðfaranótt 14. marz skýrði Jóhann Óskar frá því í dómnum, að Garðar Jóhannesson húsasmíðameistari, Heiðarbraut 59, — bótakrefjandi í máli þessu — hefði verið þátttakandi í innbrotinu hjá

Haraldi Böðvarssyni & Co. aðfaranótt 3. febrúar. Skýrði hann frá því, að það hefði verið af ótta við Garðar, að hann hélt leyndri þátttöku hans í innbrotinu. Jóhann sagði, að Garðar fengi nokkurs konar brjálæðisköst og þegar svo standi á, telji hann Garðar stórhættulegan. Hafi Garðar haft þau orð við Jóhann Óskar og Guðmund bróður hans, að ef þeir kjöftuðu eitthvað og blönduðu honum í málið, þá tækju þeir ábyrgð á því. Sagðist Jóhann líta á þetta sem alvarlega ógnun við sig. Jóhann skýrði þannig frá, að hann og bróðir hans Guðmundur hefðu hitt Garðar að máli að kvöldi fimmtudagsins 1. febrúar og þá hefðu þeir gert áætlun um framkvæmd innbrotsins. Síðan lýsir hann innbroti þeirra félaga. Sömu nótt lýsir gæzlufanginn Guðmundur Sigursteinsson því yfir í sakadóminum, að Garðar hafi verið með þeim í innbrotinu hjá Haraldi Böðvarssyni & Co. og hafi þeir komið sér saman um innbrotið um kvöldið 1. febrúar. Hann lýsir innbrotinu með þátttöku Garðars. Guðmundur gat þess, að Garðar hefði hótad þeim öllu illu, ef þeir segðu frá þessu.

Þann 14. marz viðurkenndi Þorsteinn Sigtryggsson, Vallholti 21, er fyrr er nefndur, að hafa brotitzt inn í skrifstofur Sigurðar Hallbjarnarsonar h/f 5. janúar 1961 með Guðmundi Sigursteinssyni. Skýrði Þorsteinn frá því, að Garðar Jóhannesson hefði verið með þeim í innbrotinu. Kvaðst Þorsteinn hafa viljað halda þátttöku Garðars leyndri vegna ótta við hann. Fullyrti Þorsteinn, sem virtist algerlega miður sín og niðurbrotinn, að Garðar hefði hótad því að hefna sín á Helgu, systur Þorsteins, ef hann skýrði frá þessu. Kvaðst Þorsteinn óttast um líf systur sinnar fyrir Garðari, ef hann fengi vitneskju um þessa uppljóstrun.

Föstudaginn 16. marz mætti Garðar Jóhannesson í sakadóminum, en hann hafði daginn áður verið handtekinn í Reykjavík, þar sem hann var í vinnu við húsasmíðar. Garðar neitaði því eindregið að hafa átt þátt í innbrotinu í skrifstofur Haralds Böðvarssonar & Co. og fullyrti, að hann hefði örugglega verið heima hjá sér og háttaður um kl. 2230 umrætt kvöld.

Rannsóknardómarinn úrskurðaði þá Garðar í gæzluvarðhald í allt að 60 daga og að hann skyldi sæta geðrannsókn á því tímabili.

Forsendur úrskurðarins voru þær, að fram hefði komið í rannsókninni, að Garðar hefði tekið þátt í innbroti í skrifstofur Haralds Böðvarssonar & Co. Einnig var rannsóknardómaranum kunnugt um samkvæmt bókun í sakadóminum 14. marz, að Garðar Jóhannesson virtist veill á geði með köflum og hefði hann

af þeim sökum þurft að undirgangast geðrannsókn um áramótin 1956—1957.

Þennan dag ítrekar Þorsteinn Sigtryggsson, að Garðar Jóhannesson hafi verið með í innbroti hjá Sigurði Hallbjarnarsyni h/f.

Laugardaginn 17. marz skýrði Guðmundur Sigursteinsson frá því, að Þorsteinn Sigtryggsson hefði hvergi komið nálægt innbrotunum hjá Haraldi Böðvarssyni & Co. og Sigurði Hallbjarnarsyni h/f. Hafði Guðmundur þó áður í sakadóminum í sama þinghaldi sagt frá því, að Þorsteinn hefði verið með í báðum þessum innbrotum.

Sama dag tók Þorsteinn Sigtryggsson fyrir sakadóminum aftur játningu sína um þátttöku í innbroti hjá Sigurði Hallbjarnarsyni h/f.

Þennan dag mætti í sakadóminum Elsa Ágústsdóttir, kona Garðars Jóhannessonar, og skýrir hún frá því, að hann hafi farið að sofa kl. 2100 föstudagskvöldið 2. febrúar, en þá um nóttina var innbrotið framið hjá Haraldi Böðvarssyni & Co.

Þriðjudaginn 20. marz tók Jóhann Óskar Finnsson í sakadóminum aftur allan fyrri framburð sinn í málinu um þátttöku í innbrotunum og segist hvergi hafa nálægt þessum innbrotum komið og viti ekkert um þátt annarra í þeim. Sagðist hann þó hafa órökstuddan grun um, að Garðar Jóhannesson vissi eitthvað í þessu máli. Kvaðst hann marka það af svipbrigðum Garðars, er þeir Garðar eitt sinn ræddu um innbrotið hjá Haraldi Böðvarssyni & Co.

Rannsóknardómarinn benti Jóhanni þá á, að með fyrri framburði sínum hefði hann borið Garðar sökum í máli þessu, sem m. a. leiddi til þess, að Garðar var handtekinn. Jóhann Óskar ítrekaði, að hann grunaði Garðar um hlutdeild í máli þessu.

Þennan dag var Jóhann Óskar úrskurðaður í gæzluvarðhald í allt að 20 daga.

Þann 16. marz var gerð húsleit hjá Garðari Jóhannessyni að munum, er hurfu við framangreind innbrot. Ekkert fannst tortryggilegt við leitina nema nokkur koparstykki, en í ljós kom, að þau voru úr ferju, er lá við Innstavog hjá Akranesi, en úr ferjunni hafði verið stolið slíkum koparstykkjum fyrir nokkrum árum. Kvaðst Garðar hafa keypt kopar þennan af tveim nafngreindum mönnum, og hefur annar þeirra staðfest þá frásögn.

Þá viðurkenndi Garðar í dóminum 20. marz að hafa selt Jóhanni Óskari að minnsta kosti einu sinni áfengi.

Fimmtudaginn 22. marz skýrði Þorsteinn Sigtryggsson frá því í

sakadóminum, að það væri allt rangt, sem hann hefði borið í dóminum áður í máli þessu og að Garðar hefði aldrei hótad honum nokkru, hvorki gagnvart honum sjálfum né systur hans.

Mánudaginn 26. marz lýsir Guðmundur Sigursteinsson því í sakadóminum, er hann brautz inn í Verzlun Axels Sveinbjörns-sonar h/f á jólanótt 1961. Segist hann hafa gert það með Jóhanni Óskari og Garðari Jóhannessyni og lýsir þátttöku þeirra í innbrotinu.

Næsta dag, 27. marz, beinist rannsóknin að innbroti í Fiskiver h/f, er framið var 16. apríl 1961. Skýrði Guðmundur Sigursteinsson frá því, að Garðar Jóhannesson hefði verið með þeim bræðrum við innbrot þetta, og lýsir hann þátttöku Garðars.

Sama dag lýsti Guðmundur tveim innbrotum þann 9. og 28. febrúar 1961 í Fólksbílastöðina við Þjóðveg og sagðist þá hafa verið með Presti Reynissyni, Skagabraut 25. Þröstur viðurkenndi næsta dag í sakadóminum að hafa framið bæði þessi innbrot og hefði Guðmundur Sigursteinsson verið með honum í síðara skiptið. Þá játaði Þröstur á sig innbrotin í skrifstofur Sigurðar Hallbjarnarsonar h/f 5. og 28. janúar 1961 og full- yrti, að hann hefði verið einn við bæði þessi innbrot.

Nú virðist nokkurt hlé á rannsókninni, en í sakadóminum 6. apríl játaði Jóhann Óskar Finnsson, að fyrri frásögn hans um, að hann hefði brotízt inn hjá Haraldi Böðvarssyni & Co. væri rétt og hefði hann framið innbrot þetta ásamt Guðmundi og Garðari Jóhannessyni. Lýsir hann innbroti þeirra félaga og gefur í skyn, að Garðar hafi haft forystu um innbrotið.

Þá skýrði Jóhann Óskar frá því, að þeir þrír hefðu brotízt inn hjá Axel Sveinbjörnssyni h/f á jólanótt 1961. Lýsir hann innbrotinu og aðdraganda þess þannig, að Garðar hafi haft um það frumkvæði og forystu.

Þann 7. apríl gaf Garðar Jóhannesson skýrslu um ferðir sínar og dvalarstað á aðfangadagskvöld og jólanótt 1961 og neitar þar með að hafa tekið þátt í nefndu innbroti.

Í sakadóminum sama dag tekur Guðmundur Sigursteinsson aftur fyrri framburð sinn um innbrot hjá Fiskiver h/f og segir frá- sögn sína um það innbrot tilbúning einan, en annar framburð- ur hans um önnur innbrot sé í meginatriðum réttur.

Þennan dag, laugardaginn 7. apríl, voru þeir Guðmundur og Jóhann Óskar látnir lausir úr gæzluvarðhaldi.

Í sakadóminum 16. apríl 1962 hélt Jóhann Óskar því enn fram,

að Garðar Jóhannesson hefði verið með í innbrotunum hjá Haraldri Böðvarssyni & Co. og Axel Sveinbjörnssyni h/f, og voru þeir samþröfaðir. Garðar viðurkenndi, að þeir hefðu nokkrum sinnum verið saman í bifreið hans, en kvaðst hvergi hafa nálægt innbrotunum komið og mótmælti framburði Jóhanns Óskars í öllum atriðum að því er varðaði meinta sök Garðars.

Pennan dag var Garðar Jóhannesson látinn laus úr gæzluvarðhaldinu, og lýsti hann því yfir, að hann mundi af frjálsum vilja gangast undir það, að geðrannsókn á honum, sem þegar var byrjuð, yrði lokið.

Hér að framan hefur verið rakið í aðalatriðum gangur mála í sakadómi Akraness 8. marz til 16. apríl 1962, einkum að því er varðar frásagnir hinna grunuðu í málinu um hlutdeild Garðars Jóhannessonar í innbrotunum.

Það, sem næst gerist í málinu, er það, að þann 8. maí 1962 mættu þeir Jóhann Óskar Finnsson og Guðmundur Sigursteinsson hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík. Tóku þeir þar báðir aftur fyrri framburð sinn um, að Garðar Jóhannesson hefði verið með þeim í fyrrnefndum innbrotum. Jóhann Óskar sagði, að Garðar hefði alls ekki átt nokkurn þátt í þessum þjófnum með þeim og ekki verið í vitorði með þeim eða ráðstafað nokkru af þýfinu á einn eða annan hátt. Hann kvaðst ekki geta skýrt, hvers vegna Garðari var blandað inn í þetta mál, það hefði verið einhver vitleysisgangur. Samvizku sinnar vegna kvaðst hann nú leiðrétta þetta. Guðmundur sagði, að Garðar hefði hvergi komið nærri innbrotþjófnum þessum og vissi ekkert um þá. Það væri alveg rangt, að hann hefði hvatt þá til þeirra hluta eða að nokkuð af þýfinu hefði farið til hans og að hann væri ekki á nokkurn hátt viðriðinn þjófnaði þessa.

Í sakadómi 2. okt. 1964 staðfesti Jóhann Óskar þennan framburð sinn og ítrekaði, að Garðar Jóhannesson hefði ekki verið með í eða átt nokkurn þátt í margnefndum innbrotum.

Í sakadómi 5. okt. 1964 breytti Guðmundur Sigurgeirsson enn framburði sínum og lýsti því yfir, að hann hefði ekki framið innbrot þau og þjófnaði, er um getur í máli þessu.

Hann viðurkenndi að hafa skrifað undir skýrslur sínar hjá rannsóknarlögreglunni, en sagði þær vera rangar. Hann sagði einnig, að það, sem hann hefði borið fyrir dómi í máli þessu um þátttöku Garðars í innbrotunum, væri allt ósannindi.

Geðheilbrigðisrannsókn fór fram á þeim Jóhanni Óskari, Guð-

mundi Sigursteinssyni og Garðari Jóhannessyni, og eru skýrslur Jakobs Jónassonar læknis um rannsóknirnar dagsettar 14. okt. 1963.

Niðurstaða læknisins um Jóhann Óskar var þessi:

„Klínisk skoðun og sálfræðileg próf sýndu engin einkenni geðveiki (psychosis). Hins vegar gáfu þau til kynna, að Jóhann Óskar hafi greind í lakara meðallagi og sé haldinn geðvilluskapgerð (personalitas psychopatica) með þeim sálarlegu eigindum, sem tíðum einkenna afbrotamenn.“

Niðurstaða sama læknis um Guðmund Sigursteinsson var þessi:

„Klínisk skoðun og sálfræðileg próf sýndu engin einkenni geðveiki (psychosis). Hins vegar gáfu þau til kynna, að Guðmundur væri vangefinn (debil), og við skoðunina reyndist hann vera í þunglyndisástandi (depressio psychogenes), sem sennilega hefur brotízt út í sambandi við þáverandi aðstæður.“

Í skýrslu læknisins um Garðar Jóhannesson er þess getið, að hann hafi verið úrskurðaður til geðheilbrigðisrannsóknar á sjúkrahúsið Klepp í desember 1956, en útskrifazt þaðan 15/1 1957.

Í skýrslu læknisins segir: „Rorschach-persónuleikapróf sýndi all-einkennilega niðurstöðu, sem vakti sterkar grunsemdir um óáreiðanleik í frásögn og meðvitaða uppgerð við prófið.“

Niðurstaða læknisins um Garðar var þessi:

„Klínisk athugun og sálfræðileg próf sýndu engin einkenni geðveiki (psychosis). Hins vegar gáfu þau til kynna svo og æviferill Garðars, að hann sé haldinn geðvilluskapgerð (personalita psychopatica) og greind í meðallagi. Svör hans í Rorschach-prófinu vöktu sterkar grunsemdir um meðvitaða uppgerð í þeim tilgangi að koma ekki upp um persónuleik sinn.“

Mál þetta var sent saksóknara ríkisins til fyrirsagnar með bréfum, dags. 13. maí, 29. nóv. og 4. des. 1963.

Samkvæmt bréfi saksóknara ríkisins, dags. 30. des. 1963, var málinu lokið með skilorðsbundinni ákærufrestun að því er varðar þá Guðmund Sigursteinsson, Jóhann Óskar Finnsson og Þröst Reynisson. Síðan segir í bréfi saksóknara: „Gegn þeim Garðari og Þorsteini er eigi að svo vöxnu máli krafizt frekari aðgerða af ákærvaldsins hálfu, en komi nokkuð það fram, sem verða mætti til frekari upplýsinga um þætti þeirra í máli þessu, ber að taka upp rannsókn þess að nýju.“

Leitað var álits saksóknara ríkisins um fyrrgreindar bótakröfur í máli þessu með bréfi, dags. 30. júní 1964.

Í bréfi saksóknara, dags. 3. júlí s. á., segir: „Gæzluvarðhalds-úrskurðurinn yfir Garðari var kveðinn upp bæði í þágu rannsóknar málsins svo og vegna þess, að nauðsyn þótti til bera, að álitni rannsóknardómarans, að hann sætti geðrannsókn.

Vegna þessa skal hér með tekið fram, að af hálfu þessa embættis er litið svo á, að uppkvaðning umrædds gæzluvarðhaldsúrskurðar hafi verið eðlileg, eins og á stóð, og farið fram með löglegum hætti, enda var þeim úrskurði eigi skotið til æðri réttar af hálfu Garðars.“

Að öðru leyti vísar saksóknari til rannsóknar málsins í heild og bréfs síns frá 30. desember 1963, er fyrr greinir.

Af hálfu bótakrefjanda hefur bótakrafan verið rökstudd með því, að samkvæmt gögnum málsins virðist Garðar hafa verið úrskurðaður í gæzluvarðhaldið á þeim forsendum einum, að grundaðir í málinu, þeir Jóhann Óskar Finnsson og Guðmundur Sigursteinsson í sakadómi 13. og 14. marz 1962 og Þorsteinn Sigtryggsson 14. marz s. á., báru, að hann (Garðar) hefði átt hlutdeild í sumum þeirra innbrota, sem rannsóknin fjallaði um. En framburðir þessara manna um meint brot Garðars hafa verið mjög ósamhljóða og óákveðnir. Þann 22. marz 1962 tók Þorsteinn til baka framburð sinn varðandi meint brot Garðars, og hinn 8. maí 1962 tóku þeir bræður Jóhann Óskar og Guðmundur til baka framburð sinn um hlutdeild Garðars í brotum þeim, sem þeir höfðu áður bendlað hann við.

Þá hefur af hálfu Garðars verið bent á, að hann hafi alltaf staðfastlega neitað því, að hann hafi átt nokkurn þátt í innbrotunum og ekkert hafi komið fram í rannsókninni, er leiði líkur að því, að hann ætti sök í málum þessum annað en áðurgreindir framburðir greindra manna. Það verði því ekki talið, að Garðar hafi á nokkurn hátt, hvorki vísvitandi né með stórkostlegu gáleysi eða ólögmætu framferði, valdið þeim aðgerðum, sem hann reisir kröfur sínar á.

Af framansögðu og þar sem saksóknari ríkisins hafði ákveðið, að eigi skyldi krafizt frekari aðgerða í málinu gegn Garðari svo og með hliðsjón af rannsókn málsins í heild, verður eigi annað séð en að fremur megi telja Garðar líklegan til að vera sýknan af brotum þeim, sem á hann voru borin, en sekan, enda hafi hann aldrei gerzt sekur um þjófnað eða annað aðgunarbrot, svo að kunnugt sé.

Fjárhæð bótakröfu sinnar fyrir vinnutap byggir bótakrefjandi á kauptaxta Iðnaðarmannafélags Akraness, eins og hann var

á þeim tíma, er hann sat í gæzluvarðhaldi, og hefur hann lagt fram vottorð Iðnaðarmannafélagsins um kauptaxta á þessum tíma. Hann kvaðst hafa haft meistararéttindi í húsasmíði og því haft rétt til kaups samkvæmt hæsta taxta iðnaðarmanna. Hann var að vinna í iðn sinni, er hann var úrskurðaður í gæzluvarðhaldið, og sagðist þá hafa unnið nokkra daga í Reykjavík. Garðar reiknar með 8 tíma dagvinnu og 2 tíma eftirvinnu alla rúmhelga daga vikunnar nema laugardaga, en þá eru reiknaðir 4 tímar í dagvinnu. Dagvinnutímar reiknast því fyrir gæzlutímann og tvo daga vegna geðrannsóknar, samtals 212, og eftirvinnutímar 48. Kaupið samkvæmt framangreindum taxta var kr. 44.57 á tímann í dagvinnu og kr. 63.00 í eftirvinnu auk 6% orlofs.

Varðandi 2. lið bótakröfunnar hefur bótakrefjandi lýst því yfir, að aðbúnaður og meðferð á honum í varðhaldsvistinni hafi ekki verið slæm eftir atvikum, enda byggi hann ekki kröfu sína á því atriði, heldur krefjist hann bóta fyrir líkamlegar og andlegar þjáningar, mannorðsspjöll og annan miska, er hann varð fyrir vegna gæzluvarðhaldsins.

Eins og atvikum hefur verið lýst hér að framan, verður að telja, þó að framburður Jóhanns Óskars, Guðmundar og Þorsteins hafi verið mjög ósamhljóða og óákveðnir í ýmsum atriðum, að lögmælt skilyrði hafi verið fyrir hendi og eðlilegt, að gæzluvarðhaldsúrskurðurinn hafi verið kveðinn upp yfir Garðari Jóhannessyni, eins og á stóð, í þágu rannsóknar málsins, þar sem þrír framangreindir menn höfðu borið það fyrir sakadómnum, að hann hefði verið þátttakandi í ýmsum innbrotum með þeim.

Meðan á gæzluvarðhaldinu stóð, héldu tveir þeirra fast við framburð sinn um hlutdeild Garðars, en eins og að framan er rakið, breyttu þeir allir framburði sínum síðar og tóku aftur frásagnir sínar um hlutdeild Garðars í innbrotunum.

Garðar hefur ávallt neitað því að hafa tekið þátt í margnefndum innbrotum. Rannsóknin leiddi og ekki til ákæru á hendur Garðari.

Samkvæmt þessu og öðrum gögnum málsins, sem fyrr greinir, þykja skilyrði 150. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961 vera fyrir hendi til að úrskurða Garðari Jóhannessyni fébætur úr ríkissjóði samkvæmt XVIII. kafla nefndra laga vegna gæzluvarðhaldsins, er hann varð að þola vegna villandi sakargagna.

Um fjárhæð bótakröfunnar:

Um 1. lið:

Eigi verður vefengt samkvæmt því, sem fyrr er rakið, að beint fjártjón bótakrefjanda hafi verið eins og þar er lýst, og verður þessi kröfuliður því tekinn til greina að öllu leyti.

Um 2. lið:

Þegar allt er virt, sem hér að framan er rakið um atvik og rannsókn máls þessa, þykja bætur til handa bótakrefjanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 40.000.00.

Niðurstaða málsins samkvæmt framansögðu verður því sú að úrskurða ber Garðari Jóhannessyni fébætur úr ríkissjóði kr. 53.221.21 (12.472.84 + 748.37 + 40.000.00) með vöxtum, eins og krafizt er.

Þá þykir rétt að úrskurða bótakrefjanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 6.000.00.

Hermann G. Jónsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Ríkissjóður Íslands greiði Garðari Jóhannessyni kr. 53.221.21 með 7% ársvöxtum frá 16. apríl 1962 til greiðsludags og kr. 6.000.00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. marz 1966.

Nr. 31/1966. **Gunnar Guðmundsson**

(Guðjón Styrkársson hdl.)

gegn

Tryggingamiðstöðinni h/f og gagnsök

(Jón Magnússon hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. marz 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. febrúar s. á., og krafizt þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 160.000.00 með 8% ársvöxtum frá 23. marz 1962 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.